

15. nóvember 2024



SAMKOMULAG UM BREYTINGU Á VEÐHAFASAMKOMULAGI

Í tengslum við hækkun á kr. 30.000.000.000 útgáfuramma

Ölmu íbúðafélags hf. í kr. 50.000.000.000

SAMKOMULAG ÞETTA er gert þann 15. nóvember 2024 („samkomulag“) á milli:

- (1) **Ölmu íbúðafélags hf.**, kt. 611013-0350, Sundagörðum 8, 104 Reykjavík, áður Almenna leigufélagið ehf. („Alma“ eða „útgefandi“);
- (2) **Ölmu langtímaleigu ehf.**, kt. 500604-2120, Sundagörðum 8, 104 Reykjavík, áður Almenna BK ehf., **Ölmu hótélíbúðir ehf.**, kt. 430615-0840, Sundagörðum 8, 104 Reykjavík, **Brimgarða ehf.**, kt. 591103-2610, Sundagörðum 8, 104 Reykjavík, **Höfuðborgarinnar okkar ehf.**, kt. 620905-0970, Sundagörðum 8, 104 Reykjavík, **U26 ehf.**, kt. 650117-1150, Sundagörðum 8, 104 Reykjavík (hér eftir ásamt Ölmu „veðsalar“ eða hver fyrir sig „veðsali“);
- (3) **Íslög ehf.**, kt. 690312-1150, Túngötu 6, 101 Reykjavík („veðgæsluaðili“); og
- (4) Eigendur veðtryggðra krafna, sem falla undir almenna tryggingarfyrirkomulagið samkvæmt aðildaryfirlýsingu sem þeir hafa undirritað eða umboðsmenn fyrir þeirra hönd („veðhafar“).

BAKGRUNNUR:

- (A) Hinn 6. desember 2017 gerðu aðilar með sér veðhafasamkomulag í tengslum við almenna tryggingarfyrirkomulagið sem sett var upp í tengslum við útgáfu skuldaskjala á grundvelli útgáfuramma að fjárhæð allt að kr. 30.000.000.000 og sem tiltekin önnur fjármögnunarskjöl eru jafnframt felld undir (hér eftir „veðhafasamkomulagið“).
- (B) Samkomulag þetta um breytingu á veðhafasamkomulaginu er gert í tengslum við hækkun á heildarfjárhæð útgáfurammans úr kr. 30.000.000.000 í kr. 50.000.000.000, í samræmi við grunnlýsingu útgefanda dagsett þann 22. nóvember 2023. Að beiðni útgefanda og með vísan til gr. 10.9 í veðhafasamkomulaginu eru gerðar eftirfarandi breytingar á veðhafasamkomulaginu.

SAMÞYKKTAR BREYTINGAR:

1 SKILGREININGAR OG TÚLKUN

- 1.1 Hugtök sem skilgreind eru í veðhafasamkomulaginu skulu hafa sömu merkingu og þeim er þar gefin er þau eru notuð í samkomulagi þessu, nema annað sé beinlínis tekið fram.

2 BREYTING Á VEDHAFASAMKOMULAGINU

- 2.1 Á forsiðu veðhafasamkomulagsins skal breyta fjárhæðum þar sem vísað er til útgáfurammans þannig að framvegis standi þar „50.000.000.000“ í stað „30.000.000.000“.
- 2.2 Grein 2.1 í veðhafasamkomulaginu skal breytt þannig að framvegis standi þar „50.000.000.000 (krónur fimmtíu milljarðar)“ í stað „30.000.000.000 (krónur þrjátíu milljarðar)“.
- 2.3 Skilgreining á hugtakinu *Útgáfuramminn* í 3. kafla veðhafasamkomulagsins skal breytt þannig að framvegis standi „kr. 50.000.000.000“ í stað „kr. 30.000.000.000“.

3 ANNAÐ

- 3.1 Að öðru leyti en að framan greinir halda ákvæði veðhafasamkomulagsins fullu gildi sínu óbreytt.



- 3.2 Aðild að veðhafasamkomulaginu með aðildaryfirlýsingu veðhafa, sbr. viðauka IV, V eða VI við veðhafasamkomulagið, felur í sér aðild að samkomulagi þessu.
- 3.3 Öllu framangreindu til staðfestingar er skjal þetta undirritað af þeim sem hafa heimild til þess að skuldbinda aðila í tveimur samritum, einu fyrir útgefanda og veðsala saman og einu fyrir veðgæsluaðila.

(Síðasta blaðsíða fyrir undirritunarsíðu)



SAMKOMULAG ÞETTA tekur gildi á þeim degi sem tilgreindur er í upphafi þess.

F.H. VEÐSALA OG ÚTGEFANDA
ÖLMU ÍBÚÐAFÉLAGS HF.

Undirskrift: Gunnar Þór Gíslason
Nafn: Gunnar Þór Gíslason
Staða: Stjórnarmaður

F.H. VEÐSALA OG ÚTGEFANDA
ÖLMU ÍBÚÐAFÉLAGS HF.

Undirskrift: Eggert Árnir Gíslason
Nafn: Eggert Árnir Gíslason
Staða: Stjórnarmaður

F.H. VEÐSALA
BRIMGARÐA EHF.

Undirskrift: Eggert Árnir Gíslason
Nafn: Eggert Árnir Gíslason
Staða: Stjórnarmaður

F.H. VEÐSALA
BRIMGARÐA EHF.

Undirskrift: Ingólfur Árnir Gunnarsson
Nafn: Ingólfur Árnir Gunnarsson
Staða: Stjórnarmaður

F.H. VEÐSALA
HÖFUÐBORGIN OKKAR EHF.

Undirskrift: Ingólfur Árnir Gunnarsson
Nafn: Ingólfur Árnir Gunnarsson
Staða: Stjórnarmaður

F.H. VEÐSALA
U26 EHF.

Undirskrift: Ingólfur Árnir Gunnarsson
Nafn: Ingólfur Árnir Gunnarsson
Staða: Stjórnarmaður

F.H. VEÐSALA
ÖLMU HÓTELÍBÚÐA EHF.

Undirskrift: Ingólfur Árnir Gunnarsson
Nafn: Ingólfur Árnir Gunnarsson
Staða: Stjórnarmaður

F.H. VEÐSALA
ÖLMU LANGTÍMALEIGU EHF.

Undirskrift: Ingólfur Árnir Gunnarsson
Nafn: Ingólfur Árnir Gunnarsson
Staða: Stjórnarmaður

F.H. VEÐHAFA
UMBODSMAÐUR VEÐHAFA, ÍSLÖG EHF.

Undirskrift: Ásthegja Císa
Nafn: Ásthegja Císa
Staða: Lögm.

F.H. VEÐGÆSLUAÐILA
ÍSLÖG EHF.

Undirskrift: Ásthegja Císa
Nafn: Ásthegja Císa
Staða: Lögm.

Vottar að rétttri dagsetningu, fjárræði og undirskrift aðila:

Alundur Örn Þórhallsson Ögm.
Nafn og kt. 1710000-38009

Nafn og kt.